

# Mönnunarreglur

FARÞEGABÁTAR, FARÞEGASKIP OG FLUTNINGASKIP



## Lögskráningar á farþegabáta, farþega- og flutningaskip

Lágmarksmönnun á **fiskiskipum og öðrum skipum** er ákveðin í lögum um áhafnir skipa nr. **82/2002** og tekur hún aðeins til skip- og vélstjórnarmanna og fjöldi annarra í áhöfn er ákveðin af útgerð.

Lágmarksmönnun (heildarmönnun) **farþegabáta, farþega- og flutningaskipa** er hins vegar ákveðin af Samgöngustofu sem gefur út öryggismönnunarskírteini (*Minimum Safe Manning Document*) þegar um ferjur (Herjólfur, Baldur, Sævar og Sæfari) er að ræða, en annars er öryggismönnun ákveðin í farþegaleyfi skipanna. Öryggismönnun þessara skipa ræðst af mörgum atriðum og getur lágmarksmönnun verið ólík á milli skipa. Þessi atriði geta t.d. verið stærð skips, stærð aðalvélar, farsvið, búnaður, lengd siglingar, fjöldi farþega, vinnu- og hvíldartími áhafnar, stærð og fjöldi gúmmíbjörgunarbáta, neyðaráætlun, sætafjöldi og rými á söfnunarstað í neyðartilvikum.

Til að unnt sé að lögskrá á farþegabát eða farþegaskip þarf:




- haffæri að vera í gildi
- áhafnartrygging í gildi fyrir alla í áhöfn
- farþegaleyfi í gildi
- farþegatrygging í gildi fyrir alla miðað við hámarksfjölda farþega sem farþegaleyfi segir til um
- áhöfn þarf að hafa réttindi í þær stöður sem þarf að manna skv. farþegaleyfi skipsins
- lögskrá þarf í allar stöður skv. farþegaleyfi
- allir í áhöfn þurfa að hafa lokið grunnöryggisfræðslunámskeiði (*Basic safety training*) og námskeiði í hóp- og neyðarstjórn. Ef viðkomandi hefur lokið öðru þessara námskeiða getur hann sótt um frest til Samgöngustofu á hinu til þess tíma sem hann er skráður á námskeiði

<https://eydublod.samgongustofa.is/26635894123012325331>

## Farpegabátar:

Farpegabátar eru þau skip sem hafa farpegaleyfi til að sigla með 12 farþega eða færri, enda séu skipin innan við 12 metrar eða 15 metrar að skráningarlengd. Í þeim tilvikum eru skipstjórnarréttindi <12 m nægjanleg **(SS)** og <15 m **(SS15)**, enda hafi viðkomandi skipstjóri lokið grunnámskeiði öryggisfræðslu, námskeiði í hóp- og neyðarstjórnun og fjarskiptanámskeiði **(ROC)**. Skipstjórinn má jafnframt gegna stöðu smáskipavélavörðar **(SSV)** eða sé hann handhafi þeirra réttinda.




### Farpegabátur <12 m eða <15m, 12 farþegar eða færri og vélarafl <750 kW:

Skipstjóri (SK) - (SS)	
Smáskipavélavörður (SSV) - (SSV)	
Háseti (HÁ) <b>S</b>	

Lágmarksmönnun miðast við 9,49 m, 8,35 BT og 441,4 kW

## Farþegaskip (skipstjórn):

Ef skip er **minna en 65BT og styttra en 24 m** kemur eftirfarandi mönnunarregla fram og réttindi vélstjóra ráðast af vélarafli skips. Þeir sem eru handhafar skipstjórnarréttinda <65BT og <24 m **(SK65 eða SK24)** fást lögskráðir í stöðu skipstjóra að öðrum skilyrðum uppfylltum:

Skipstjóri (SK) - (II/3 SK65)	
Yfirvélstjóri (YV) - (VY1)	
Háseti (HÁ) <b>S</b>	

Lágmarksmönnun miðast við 17,18 m, 35 BT og 265 kW

Ef skip er **styttra en 24 m og stærra en 65 BT** kemur eftirfarandi mönnunarregla skips fram og réttindi vélstjóra ráðast af vélarafli skips. Þeir sem eru handhafar skipstjórnarréttinda <24 m (**SK24 og YS24**) fást lögskráðir í stöðu skipstjóra eða yfirstýrimanns að öðrum skilyrðum uppfylltum:

Skipstjóri (SK) - (II/3 SK24)	✓
Yfirstýrimaður (YS) - (II/3 YS24) ✓	?
Yfirvélstjóri (YV) - (VVY1)	✓

Ef skip **lengra en 24 m og minna en 500 BT** kemur eftirfarandi mönnunarregla skips fram og réttindi vélstjóra ráðast af vélarafli skips. Þeir sem eru handhafar skipstjórnarréttinda <500 BT (**SK500 eða YS500**) fást lögskráðir í stöðu skipstjóra eða yfirstýrimanns að öðrum skilyrðum uppfylltum:

Skipstjóri (SK) - (II/3 SK500)	✓
Yfirstýrimaður (YS) - (II/3 YS500) ✓	?
Yfirvélstjóri (YV) - (III/3 YV3000)	✓

Ef skip er **500 - 3000 BT** kemur eftirfarandi mönnunarregla skips fram og réttindi vélstjóra ráðast af vélarafli skips. Þeir sem eru handhafar skipstjórnarréttinda <3000 BT (**SK3000 eða YS3000**) fást lögskráðir í stöðu skipstjóra eða yfirstýrimanns að öðrum skilyrðum uppfylltum:

Skipstjóri (SK) - (II/2 SK3000)	✓
Yfirstýrimaður (YS) - (II/2 YS3000)	✓

Ef skip er **yfir 3000 BT** kemur eftirfarandi mönnunarregla skips fram og réttindi vélstjóra ráðast af vélarafli skips. Þeir sem eru handhafar ótakmarkaðra skipstjórnarréttinda (**SK>**, **YS>** og **STÝ>**) fást lögskráðir í stöðu skipstjóra, yfirstýrimanns eða undirstýrimanns að öðrum skilyrðum uppfylltum:

Skipstjóri (SK) - (II/2 SK>)	✓
Yfirstýrimaður (YS) - (II/2 YS>)	✓
Undirstýrimaður (2S) - (II/1 STÝ>)	✓




## Farþegaskip (vélstjórn):

Ef skip er **styttra en 15 m og með vélarafi <750 kW** kemur eftirfarandi mönnunarregla fram og réttindi skipstjórnarmanna ráðast af skráningarlengd eða brúttótonnatölu skipsins. Þeir sem eru handhafar réttinda smáskipavélavörðar (**SSV**) fást lögskráðir í stöðu smáskipavélavörðar að öðrum skilyrðum uppfylltum:




Skipstjóri (SK) - (SS)	✓
Smáskipavélavörður (SSV) - (SSV)	⚠
Háseti (HÁ) <b>S</b>	✓

Lágmarksmönnun miðast við 11,29 m, 14,7 BT og 254 kW

Ef skip er **styttra en 24 m og með vélarafi <750 kW** kemur eftirfarandi mönnunarregla fram og réttindi skipstjórnarmanna ráðast af skráningarlengd eða brúttótonnatölu skipsins. Þeir sem eru handhafar réttinda yfirvéltjóra (**VVY1**) fást lögskráðir í stöðu yfirvéltjóra að öðrum skilyrðum uppfylltum:



Skipstjóri (SK) - (II/3 SK65)	
Yfirvéltjóri (YV) - (VVY1)	
Háseti (HÁ) <b>S</b>	

Ef skip er **lengra en 24 m og með vélarafi <750 kW** kemur eftirfarandi mönnunarregla fram og réttindi skipstjórnarmanna ráðast af skráningarlengd eða brúttótonnatölu skipsins. Þeir sem eru handhafar réttinda yfirvéltjóra (**VS3**) fást lögskráðir í stöðu yfirvéltjóra að öðrum skilyrðum uppfylltum:

Skipstjóri (SK) - (II/3 SK500)	
Yfirvéltjóri (YV) - (VS.3)	
Háseti (HÁ)	

Lágmarksmönnun miðast við 24,4 m, 169 BT og 736 kW

Ef skip er **með vélarafi 750 - 3000 kW** kemur eftirfarandi mönnunarregla fram og réttindi skipstjórnarmanna ráðast af brúttótonnatölu skipsins. Þeir sem eru handhafar réttinda yfirvéltjóra <3000 kW (**YV3000 og 2V3000**) fást lögskráðir í stöðu yfirvéltjóra og annars véltjóra að öðrum skilyrðum uppfylltum:

Yfirvéltjóri (YV) - (III/3 YV3000)	
Annar véltjóri (2V) - (III/3 2V3000)	

Ef skip er **með vélarafli yfir 3000 kW** kemur eftirfarandi mönnunarregla fram og réttindi skipstjórnarmanna ráðast af brúttótonnatölu skipsins. Þeir sem eru handhafar ótakmarkaðra vélstjórnarréttinda (**YV> og 2V>**) fást lögskráðir í stöðu yfirvélstjóra og annars vélstjóra að öðrum skilyrðum uppfylltum:

Skipstjóri (SK) - (II/2 SK>)	✓
Yfirstýrimaður (YS) - (II/2 YS>)	✓
Undirstýrimaður (2S) - (II/1 STÝ>)	✓
Yfirvélstjóri (YV) - (III/2 YV>)	✓
Annar vélstjóri (2V) - (III/2 2V>)	✓

## Viðbótarstaða

Útgerð getur óskað eftir því að bætt sé við stöðu á skipið sem **ekki** er gerð krafa um í lögum. Samgöngustofa færir þá viðbótarstöðu inn á skipið. Í þeim tilvikum er staðan **V** merkt.

Skipstjóri (SK) - (II/3 SK500)	✓
Yfirstýrimaður (YS) - (II/3 YS500) <b>V</b>	?
Yfirvélstjóri (YV) - (III/3 YV3000)	✓

Ath: Ef músarbendill er staðsettur yfir V tákningu má sjá nánari upplýsingar um viðbótarstöðuna

## Samsettar stöður

### Skipstjóri er líka smáskipavélavörður

Í farþegaleyfum sumra farþegabáta og farþegaskipa er heimilað að skipstjóri (**SK/SSV**) geti líka gegnt stöðu vélstjóra um borð, enda hafi hann tilskilin vélstjórnarréttindi. Við lögskráningu er þá valin samsett staða - Skipstjóri/smáskipavélavörður (**SK/SSV**):

Staða \*

Skipstjóri/smáskipavélavörður (SK/SSV) x ▲

Rannsóknarmaður (RA)

Skipstjóri (SK)

**Skipstjóri/smáskipavélavörður (SK/SSV)**

Smáskipavélavörður (SSV)

### Skipstjóri er líka yfirvélstjóri

Í farþegaleyfum sumra farþegabáta og farþegaskipa er heimilað að skipstjóri (**SK/VVY1**) geti líka gegnt stöðu yfirvélstjóra um borð, enda hafi hann tilskilin vélstjórnarréttindi. Við lögskráningu er þá valin samsett staða - Skipstjóri/yfirvélstjóri (**SK/VVY1**):

Staða \*

Skipstjóri/Yfirvélstjóri (SK/VV) x ▲

Rannsóknarmaður (RA)

Skipstjóri (SK)

**Skipstjóri/Yfirvélstjóri (SK/VV)**